

Umsögn

um athugasemdir sem bárust á kynningartíma áforma um friðlýsingu Borgarvogs í Borgarbyggð

Í október 2020 lagði sveitarfélagið Borgarbyggð það til við Umhverfisstofnun að Borgarvogur yrði friðlýstur. Í kjölfarið óskaði Umhverfisstofnun eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins, sem veitt var hinn 9. október 2020. Undirbúningur hófst í kjölfarið og var skipaður samstarfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar.

Samstarfshópurinn skipa:

Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, fulltrúi kirkjuráðs.

Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir og Pavle Estrajher, fulltrúar sveitarfélagsins Borgarbyggðar sem jafnframt er landeigandi.

Orri Páll Jóhannsson, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Eva Sólan, Hildur Vésteinsdóttir og Þórhildur Kristinsdóttir, fulltrúar Umhverfisstofnunar

Áform um friðlýsingu svæðisins voru auglýst til kynningar þann 22. desember 2020, í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 21. febrúar 2021. Auglýsingin var birt í Lögbirtingarblaðinu og á heimasíðum Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem og í Fréttablaðinu og á facebooksíðu Umhverfisstofnunar. Einnig var vakin athygli á áformunum á facebook síðu Borgarness og á heimasíðu Borgarbyggðar. Eftirfarandi aðilar fengu einnig erindi þar sem vakin var athygli þeirra á áformunum:

- Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið
- Biskupsstofa
- Forsætisráðuneytið
- Ferðamálastofa
- Ferðafélag Íslands
- Ferðafélagið Útivist
- Félag leiðsögumanna
- Flugmálafélag Íslands
- Fiskistofa
- Fuglavernd
- Hafrannsóknarstofnun
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn
- Landsamband hestamanna
- Landssamband hjólreiðamanna
- Landgræðslan
- Landvernd
- Landsvirkjun
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Náttúrustofa Kópavogs
- Náttúrustofa Vesturlands
- Náttúruverndarsamtök Íslands
- Orkustofnun
- Rannsóknarsetur Háskóla Íslands
- Ríkiseignir
- Samgöngustofa
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök náttúrustofa
- Skipulagsstofnun
- Skógræktin
- Slysavarnarfélagið Landsbjörg
- Vegagerðin

Alls bárust athugasemdir frá 14 aðilum á kynningartíma áforma um friðlýsingu svæðisins og hér á eftir er gerð grein fyrir athugasemdum þeirra ásamt svörum samstarfshópsins.

Bent er á að tillaga að friðlýsingarskilmálum er í vinnslu og verður hún kynnt í 3 mánuði þegar hún liggur fyrir og öllum gefinn kostur á að skila athugasemdum, ábendingum og hugmyndum sínum varðandi tillöguna.

Nýting hlunninda og eyðing vargs

Björgunarsveitin Brák, Finnur Torfi Hjörleifsson, Theodor Kr. Þórðarson og Geir Konráð Theodórsson vilja að réttur til hefðbundinnar hlunnindanýtingar, s.s. æðavarp og netalagnir fyrir silung, haldist með sama hætti og verið hefur. Þá innti *Geir Konráð* svara við því hvort stangveiði frá strandlengjunni og/eða frá bátum verði áfram heimil og hvort að áfram verði heimilt að grafa eftir burstaormum í leirunum en þeir hafa verið notaðir sem beita af veiðimönnum.

Björgunarsveitin Brák og Geir Konráð bentu einnig á að eyðing vargs þurfi að vera heimil áfram.

Viðbrögð samstarfshópsins

Samstarfshópurinn telur að áframhaldandi nýting hlunninda á svæðinu muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi fyrirhugaðs friðlands og er sammála um að gert verði ráð fyrir þessari nýtingu áfram. Við gerð friðlýsingarskilmála fyrir svæðið verður því horft til þess að hefðbundnar nytjar, s.s. æðavarp og netaveiði, verði heimilar sem verið hefur, í samræmi við sett lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi. Stangveiði sem verið hefur verður einnig heimil áfram. Ekki er gert ráð fyrir að í auglýsingu verði ákvæði sem kemur í veg fyrir söfnun burstaorma sem ekki fylgir jarðrask, að því gefnu að hún sé ekki stunduð í samkeppni við fuglana og sé sjálfbær. Nýting hlunninda af öðrum en landeigenda verður eins og áður háð leyfi landeiganda.

Hvað varðar eyðingu vargs er samstarfshópurinn sammála því að eyðing vargs þurfi að vera heimil áfram. Því verður lagt upp með að landeigendum verði heimilt að verja varp sitt sem verið hefur. Horft verður til þess að notkun skotvopna verði takmörkuð við refa- og minkaveiðar og eyðingar á dýrum sem valda tjóni. Veiði og notkun skotvopna þarf ávallt að vera í samræmi við sett lög og stjórnvaldsfyrirmæli þar um.

Umferð um svæðið, útivist og fræðsla

Geir Konráð Theodórsson benti á að árum saman hafi verið hægt, með leyfi landeiganda Borgar, að fara gangandi út á leirurnar á fjöru, m.a. til eggjatöku út í Grjótey og einnig hefur verið hægt að sigla út í eyjarnar sömu erinda. Þá hafi árlega verið haldin leðjuboltakeppni í vöginum á svokallaðri Brákarhátíð.

Guðrún Jónsdóttir er fylgjandi því að Borgarvogur verði friðlýstur og telur að það muni styrkja Borgarnes til búsetu. Svæðið fái við það framtíðarsýn, faglega umsjón og uppbyggingu en því fylgir að bæði íbúar og gestir fá enn betra aðgengi að því fjölbreytta náttúrulega umhverfi og lífríki sem vogurinn býður upp á. Fólk hefur ekki síst sótt í að ganga með ströndinni og upplifa að vera sem næst henni. Gjarnan megi einnig gera skil hinni merku sögu sem staðurinn geymir. Bent er á að vegna þess af hve mikilli þekkingu höfundur Egilssögu ritar hallist menn mjög að því að það sé Snorri Sturluson sem hafi búið á Borg í upphafi 13. aldar. Það er ómetanlegt fyrir ungdóm bæjarins að fá notið Borgarvogs og geta lært um það lífríki sem umhverfis hann er.

Viðbrögð samstarfshópsins

Samstarfshópurinn lítur svo á að friðlýsing og útivist almennings, sem og fræðsla, geti vel farið saman og styðji hvort annað. Samstarfshópurinn er sammála því að áfram eigi að vera heimilt að fara fótgangandi út á leiruna, sem og fara um á hljóðlátum vatnatækjum, eins og verið hefur.

Einnig verður gengið út frá því að hin árlega leðjuboltakeppni (í Englendingavík) verði áfram heimiluð með sama sniði og verið hefur. Gert er ráð fyrir að þetta muni einnig gilda um aðra hefðbundna útivist sem ekki hefur neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Tekið er undir mikilvægi og sérstöðu Borgarvogs enda er verndargildi hans hátt hvort sem litið er til lífríkisins í vöginum sjálfum eða sem hluta af stærra svæði. Rannsókn- og fræðslugildi svæðisins er jafnframt hátt og vogurinn hentar vel til fuglaskoðunar. Við gerð skilmála fyrir svæðið verður horft til þessa. Einnig er tekið undir að gera megi sögu svæðisins skil og er samstarfshópurinn sammála um að í friðlýsingarskilmálum og/eða í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið verði fjallað um gerð fræðsluefnis um svæðið þar sem fram mega koma m.a. upplýsingar um verndargildi svæðisins, sérstöðu þess og sögu.

Afmörkun svæðisins

Finnur Torfi Hjörleifsson telur skynsamlegt að láta hluta Vestursness (sem sumir kalla Settutanga), a.m.k. fremstu totuna, vera innan friðlandsins og að þar verði fuglaskoðunarhús.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar friðlýsingu Borgarvogs og telur mikilvægt að hann sé verndaður. Stofnunin telur hins vegar að friðlýsingarmörkin þurfi að endurskoða þannig að þau nái yfir stærra svæði og vistfræðilega heild svæðisins og með því sé hátt verndargildi svæðisins betur tryggt til framtíðar.

Vegagerðin bendir á að skv. vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m. til hvorrar handar frá miðlínu vega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni en fyrirhugað svæði nær inn á veghelgunarsvæði Snæfellsvegur (52-02).

Geir Konráð Theodórsson og *Anna Ólafsdóttir* velta því upp hvort að hægt sé að undanskilja vissa skika frá friðlýsingunni þannig að hún hamli ekki áætlunum um uppbyggingu, m.a. áætlunum um stækkun á Ípróttamiðstöðinni og gerð göngustíga sem og ípróttasvæðinu en ípróttvöllurinn er t.d. allur byggður á landfyllingu út í Borgarvoginn. *Anna* bendir einnig á að á árunum fyrir hrun árin verið rætt um færa nýtt byggingarsvæði yfir voginn, í stað þess að stefna lengra upp eftir og að hugsanlega standi vilji íbúa til þess í framtíðinni.

Viðbrögð samstarfshópsins

Samstarfshópurinn tekur undir það að Settutangi sé hentugur staður fyrir fuglaskoðunarhús. Sú tillaga sem unnið er með að svo stöddu er tillaga sveitarfélagsins. Þegar komin er reynsla á friðlýsinguna er ekkert því til fyrirstöðu að breyta mörkum og stækka svæðið standi vilji landeigenda og sveitarfélagsins til þess.

Samstarfshópurinn tekur undir að verndargildi stærra svæðis sé hátt og að friðlýsing stærra svæðis komi vel til greina í framtíðinni.

Tekið verður tillit til þess við gerð skilmála fyrir svæðið að um viðhald vega fer eftir ákvæðum vegalaga nr. 80/2007 og að framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.

Varðandi það hvort hægt er að undanskilja vissa skika frá friðlýsingu þá er það hægt, standi vilji til þess. Í því tilviki sem hér um ræðir, þ.e. stækkun ípróttamiðstöðvar og ípróttasvæðis þá hefur sveitarfélagið kannað möguleika á stækkun sem byggð yrði á landfyllingu en lítur svo á að það svari ekki kostnaði. Vegna þessa eru ekki uppi áform um landfyllingu hjá sveitarfélaginu

að svo stöddu. Hvað varðar mögulega ylströnd og gerð göngustíga þá er hvort tveggja hugmyndir sem ekki hefur verið unnið með, né hafa þær verið útilokaðar. Meta þyrfti áhrif þeirra á verndargildi svæðisins en slíkar framkvæmdir eru nú þegar leyfisskyldar, burt séð frá friðlýsingunni, sbr. skipulagslög og lög mannvirki, auk þess sem leyfi landeigenda er áskilið. Við friðlýsingu kemur til auka leyfisveiting, sbr. lög um náttúruvernd.

Einnig bárust spurningar hvort friðlýsingin tæki til varps í öðrum tilteknum hólum og skerum. Friðlýsingin byggir ekki á því enda eru umrædd hólmar og sker utan þess svæðis sem lagt er til að verði friðlýst.

Ástæða friðlýsingar og yferráð yfir svæðinu

Geir Konráð Theodórsson, Guðmundur Ingi Waage og Ómar Örn Ragnarsson velta því upp hvers vegna verið sé að friðlýsa Borgarvog.

Guðmundur Ingi telur að ekki sé ástæða til að friðlýsa voginn vegna fuglalífs þar eð svæðið sé í miklum blóma og friðlýsing bæti þar engu við sem og að sveitarfélagið hafi framtíð svæðisins í hendi sér.

Ómar Örn telur æskilegra að svæðið verði hverfisfriðað og að nægjanlegt sé að friða um 10-15 m. frá fjörugrjóti.

Guðmundur Ingi og Ómar Örn telja ekki rétt að afhenda Umhverfisstofnun yferráð yfir svæðinu og vilja að fram fari íbúakosning um friðlýsinguna.

Geir Konráð veltir fyrir sér ávinningi friðlýsingar þegar leirurnar njóta nú þegar *sérstakrar verndar* skv. náttúruverndarlögum ásamt því að svipuð vistkerfi eru auk þess sérstaklega vernduð í nálægum friðlöndum við Andakíl og í Grunnafirði.

Náttúrustofa Vesturlands lýsir ánægju með áformin um friðlýsingu Borgarvogs og bendir á, eins og fram kemur í [skýrslu](#) þeirra frá 2019, að um sérstakt náttúrusvæði sé að ræða sem fyllilega verðskuldi vernd fyrir ágangi mannsins. Á sama tíma getur svæðið verið gott til fuglaskoðunar fyrir almenning í Borgarnesi og gesti sem eiga leið þar um.

Viðbrögð samstarfshópsins

Friðlýsingaferlið gerir ráð fyrir aðkomu hagsmunaaðila og stefnt er að því að fyrirhuguð friðlýsing og tillaga að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið verði kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins sem og öðrum. Þegar tillagan að skilmálum fyrir Borgarvog liggur fyrir verður hún auglýst í 3 mánuði og öllum gefinn kostur á að skila athugasemdum sínum við hana til Umhverfisstofnunar.

Hvað varðar fyrirspurn um íbúakosningu er rétt að beina þeirri ábendingu til sveitarfélagsins.

Bent er á að munur er á hverfisvernd og friðlýsingu svæðis. Þannig er hverfisvernd ákvörðuð á vettvangi skipulags sveitarfélaga og getur sveitarfélagið aflétt henni án aðkomu ríkisins og eru hverfisvernduð svæði í umsjón og rekstri sveitarfélaga. Á friðlýstum svæðum kemur íslenska ríkið að rekstri og faglegru umsjón svæðisins og stendur straum af kostnaði vegna framkvæmda sem gera þarf, s.s. uppbyggingu innviða. Umhverfisstofnun er með starfsstöðvar út um allt land og gert er ráð fyrir að umsjón þessa svæðis verði í höndum starfsmanns með starfsaðstöðu í Reykholti. Bent er á að Umhverfisstofnun er heimilt, að höfðu samráði við landeigendur og

sveitarfélagið, að gera umsjónarsamning um friðlandið, sbr. 85. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hvað varðar yfirlit yfir svæðinu er bent á að friðlýsing hefur ekki áhrif eignarrétt landeigenda né skipulagsvald sveitarfélaga. Í samstarfshópnunum um friðlýsinguna eru fulltrúar sveitarfélagsins og landeigenda þess svæðis sem fyrirhuguð friðlýsing tekur til. Skilmálar fyrir svæðið verða því unnir af og í samstarfi landeigenda, Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins Borgarbyggðar, auk annarra eftir því sem við á.

Það er rétt að leirur njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd en í því felst að þeim skuli ekki raskað nema brýna nauðsyn beri til. Eins og fram kemur í skýrslu Náttúrustofu Vesturlands um fuglalíf í Borgarvogi eru íslenskar leirur sérlega mikilvægar fyrir fugla enda eru leirur og aðrar fjörur oft einu fæðuuppsprettunum fyrir vaðfugla að vetrar- og vorlagi. Leirur eru ekki aðeins mikilvæg fæðuöflunarsvæði fugla heldur gegna þær jafnframt mikilvægu hlutverki í hringrás ýmissa efna (s.s. kolefnis, köfnunarefnis og fosfórs) og eiga þátt í að takmarka gróðurhúsaáhrif og önnur neikvæð áhrif loftslagsvárisinnar.

Borgarvogur er víðáttumikil gulþörungaleira, sú stærsta af þessari vistgerð hér á landi (svo vitað sé) sem eykur enn á verndargildi svæðisins. Gulþörungaleirur eru fremur fágætar hér á landi (<1% af flatarmáli fjara) en í Borgarvogi og í næsta nágrenni (við Langárós) er að finna um 63% af öllu flatarmáli þeirra á landsvísu. Lífríki gulþörungaleira einkennist af þörungaskán á yfirborði og miklum þéttleika ána (*Oligochaeta*), sem eru smávaxnir hryggleysingjar. Þar er einnig að finna önnur smádýr, s.s. burstaorma (*Polychaeta*) og rykmýslirfur (*Insecta*).

Við gerð friðlýsingarskilmála fyrir Borgarvog verður lögð rík áhersla á að skapa framtíðarsýn fyrir svæðið sem mun standast tímans tönn, enda eru friðlýsingarskilmálar hugsaðir til langrar framtíðar. Með friðlýsingu svæðisins verður þannig horft til þess að vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Borgarvogs og líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að fái þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Jafnframt að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins sem og að almenningur fái notið svæðisins til náttúruskoðunar og fræðslu.

Aðrar athugasemdir

Anna Ólafsdóttir bendir á að hjá sveitarstjórn hafi komið fram hugmyndir um að leggja göngustíg, sem nú er kominn meðfram tjaldsvæðinu, alla leið og lóðbeint upp að Borg og þvera þannig Fitjarnar. Hún telur rétt að fitjarnar fái að halda sér eins og þær eru í dag, þar sem flóðs og fjöru gætir alveg upp með þjóðvegi 1 neðan Kvíaholts og lengra.

Viðbrögð samstarfshópsins

Samstarfshópurinn bendir á að einungis var um hugmyndir að ræða og tekur undir mikilvægi sjávarfitja sem, rétt eins og leirur, falla undir *sérstaka vernd* skv. lögum um náttúruvernd, óháð stærð.

Forsætisráðuneytið, Hafrannsóknastofnun og Landgræðslan gerðu ekki athugasemdir við áformin.

Reykjavík, 23.3.2021
UST202010-101/EBSH
09.03